

2019

Félag íslenskra  
hjúkrunarfræðinga



**FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR 2019**

## Setning aðalfundar

Guðbjörg Pálsdóttir formaður Fíh setti aðalfundinn. Í ávarpi sínu ræddi hún m.a. um 100 ára afmæli félagsins og í tilefni þess verður fundurinn með öðru sniði, en heiðra á tíu hjúkrunarfræðinga sem tilnefndir voru af félagsmönnum. Hún talaði um mikilvægi hjúkrunarfræðinga í heilbrigðiskerfinu og hvernig Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO með stuðningi Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) hefur sett tilmæli um að styrkja framlag hjúkrunarfræðinga og tileinka árið 2020 hjúkrun. Hvatt er til að þekking og reynsla hjúkrunarfræðinga sé nýtt til hins ítrasta, en það er bæði fjárhagslega hagkvæmt og öruggt.

## Kosning fundarstjóra og ritara

Fundarstjóri kosinn: Gyða Baldursdóttir (1.0).

Fundaritarar kosnir: Anna María Þórðardóttir (1.0).

## Skýrsla um starfsemi félagsins á liðnu starfsári

Guðbjörg Pálsdóttir formaður gerði grein fyrir starfsemi félagsins á liðnu ári (2.0). Í ársskýrslu félagsins er ítarleg umfjöllun um starfsemi þess á starfsárinu 2018-2019. Haldnir voru 11 stjórnarfundir á starfsárinu. Helstu verkefni stjórnar á liðnu starfsári voru m.a. undirbúningur kjaraviðræðna og vinna við stofnanasamninga, átak í fjölgun starfandi hjúkrunarfræðinga og síðast en ekki síst 100 ára afmælisár félagsins. Einnig var sögulegum áfanga náð þegar samþykkt var á Alþingi að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður fengju leyfi til að ávísa hormónatengdum getnaðarvörnum, en félagið hefur stutt lagabreytinguna með umsögnum og viðtölum við alþingismenn og ráðherra. Félagið sendi einnig inn breytingatillögur og athugasemdir að nýrri heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Húsnæði félagsins að Suðurlandsbraut 22 fékk andlitslyftingu auk þess hafa tölvukerfi félagsins verið uppfærð til að uppfylla m.a. kröfur um persónuvernd skv. lögum. Stjórn Orlofssjóðs gerði könnun meðal félagsmanna og hefur verið tekið mið af niðurstöðum hennar í starfsemi sjóðsins.

## Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Sólveig Stefánsdóttir, fjármálastjóri og Halla Eiríksdóttir, gjaldkeri stjórnar Fíh gerðu grein fyrir ársreikningum félagsins fyrir árið 2018. (3.0).

Árið 2018 var annasamt, breytingar voru gerðar á tölvukerfi félagsins, tveir nýir starfsmenn voru ráðnir en engu að síður var rekstur félagsins í góðu jafnvægi. Skipting greiðsla í mismunandi sjóði félagsins er á þann veg að félagsmenn greiða sjálfir í félagssjóð og vinnudeilusjóð en launagreiðendur greiða í orlofssjóð, starfsmenntunarsjóð, vísindasjóð og styrktarsjóð. Farið var yfir rekstrarafkomu og eigið fé hvers sjóðs fyrir sig, en gert er ráð fyrir að hver og einn sjóður standi undir kostnaði.

Ársreikningur var staðfestur án athugasemda af endurskoðendum BDO, skoðunarmönnum og af stjórn félagsins. Niðurstaða félagssjóðs fyrir árið 2018 var hagnaður upp á 28,8 milljónir króna og hækkar um 26% frá árinu áður. Gert var ráð fyrir tapi upp á 13 milljónir en hagnaður kemur til vegna lækkunar á lífeyrisskuldbindingu. Almennt er rekstur félagssjóðs í góðu jafnvægi. Tap var á rekstri Orlofssjóðs upp á 4,4 milljónir króna þrátt fyrir 20% aukningu í tekjum. Tapið skýrist fyrst og fremst af mikilli aukningu á eftirspurn eftir gjafabréfum í flug og hótelmiðum. Brugðist var við taprekstri í lok árs 2018 með breytingum á verðgildi punkta. Starfsmenntunarsjóður skilaði hagnaði upp á 5,9 milljónir á árinu. Fjögurra milljón króna tap var á Vísindasjóði sem skýrist einna helst af aukningu á úthlutunum úr B-hluta sjóðsins. Sjóðurinn stendur traustum fótum. Söfnun fjár í Vinnudeilusjóð gengur vel og hefur það markmið náðst að sjóðurinn verður um mitt ár 2019 kominn í svipaða fjárhagsstöðu og fyrir verkfallið 2015. Rekstrarafkoma Styrktarsjóðs var neikvæð upp á 25,6 milljónir króna sem skýrist af fleiri félagsmönnum sem nýta langtíma veikindarétt. Úthlutanir jukust töluvert mikið, 64% aukning sjúkrasjóð/sjúkradagpeninga, aukning í greiddum fæðingarstyrk og aukin aðsókn í heilsustyrk. Tap var á sjóðnum í fyrsta sinn í mörg ár og er miðað við að svo verði næstu árin til að lækka eigið fé sjóðsins.

Ársreikningar félagsins voru samþykktir með meirihluta greiddra atkvæða.

Ársreikningur Rannsókn- og vísindasjóðs hjúkrunarfræðinga var lagður fram. Veittir voru tveir styrkir úr sjóðinum árið 2018 hvor að upphæð kr. 100,000. Styrkina hlutu Helga Bragadóttir og Brynja Ingadóttir. Eigið fé í lok árs var 4,5 milljónir. Ársreikningur Rannsókn- og vísindasjóðs var samþykktur með meirihluta greiddra atkvæða.

Ársreikningur Minningarsjóðs Kristínar Thoroddsen var lagður fram. Þrír styrkir voru veittir úr sjóðnum árið 2018 hver að upphæð kr. 50,000. Styrkina hlutu Inga Valgerður Kristinsdóttir, Margrét Guðnadóttir og Raket Björg Jónsdóttir. Eigið fé í lok árs var 1,1 milljón króna. Ársreikningur Minningarsjóðs Kristínar Thoroddsen var samþykktur með meirihluta greiddra atkvæða.

Ársreikningur Minningarsjóðs Hans Adolfs Hjartarsonar var lagður fram. Veittir voru fimm styrkir úr sjóðnum hver að upphæð kr. 60,000. Styrkina fengu Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir, Bergljót Inga Kvaran, Lilja Ásgeirsdóttir, Raket Linda Helgadóttir og Vigdís Friðriksdóttir. Eigið fé í lok árs 2018 var 4,9 milljón króna. Ársreikningur Minningarsjóðs Hans Adolfs Hjartarsonar var samþykktur með meirihluta greiddra atkvæða.

## Ákvörðun um félagsgjöld

Halla Eiríksdóttir, gjaldkeri stjórnar félagsins kynnti tillögu stjórnar varðandi félagsgjöld (4.0). Tillaga um að félagsgjöld verði óbreytt, 1,2% af dagvinnulaunum, en af þeim renna 0,15% beint í vinnudeilusjóð. Hámarksgreiðsla óbreytt kr. 105,000. Félagsgjöld

fagaðila verði áfram kr. 10,000 á ári og félagsgjöld aukaaðila afnumin, sbr. breytingatillögu á lögum félagsins. Tillaga um óbreytt félagsgjöld, um hámarsgreiðslu félagsgjalda og félagsgjöld fagaðila var samþykkt með meirihluta. Greidd verða atkvæði um tillögu um að afnema félagsgjöld aukaaðila þegar lagabreytingar verða bornar upp.

## Afgreiðsla markmiða og starfsáætlunar næsta starfsár

Hildur Björk Sigurðardóttir, meðstjórnandi kynnti starfsáætlun stjórnar fyrir starfsárið 2019-2020 (5.0). Helstu verkefni næsta starfsárs eru kjaramál og starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga. Áhersla verður á að ljúka kjarasamningum svo hjúkrunarfræðingar geti og vilji starfa innan íslenska heilbrigðiskerfisins. Átak í fjölgun starfandi hjúkrunarfræðinga miðast m.a. að því að leggja áherslu á aðgerðir sem geta dregið úr brotthvarfi hjúkrunarfræðinga úr starfi en einnig verður unnið að fjölgun nemenda í hjúkrunarfræðinámi. Stuðningur við erlenda hjúkrunarfræðinga verður aukinn og fylgt verður eftir könnun meðal hjúkrunarfræðinga um öryggismál og starfsumhverfi þeirra. Áfram verður unnið að því að auka áhrif hjúkrunarfræðinga á þróun og skipulagningu heilbrigðisþjónustu með aukinni þátttöku hjúkrunarfræðinga í nefndum og ráðum á vegum yfirvalda. Lögð verður sérstök áhersla á að fá aftur inn hlutverk yfirhjúkrunarfræðings. Unnið verður að því að styrkja enn frekar framlag hjúkrunarfræðinga innan heilbrigðiskerfisins og þjóðfélagsins þannig að þekking og reynsla þeirra nýtist sem best til samræmis við markmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og niðurstöður Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD). Hátíðarhöldum vegna 100 ára afmælis Fíh verður haldið áfram með ýmsum fjölbreyttum viðburðum út árið sem verða nánar auglýstir þegar þar að kemur. Markmið og starfsáætlun var samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

## Kynning fjárhagsáætlunar næsta starfsárs

Sólveig Stefánsdóttir fjármálastjóri og Halla Eiríksdóttir gjaldkeri kynntu fjárhagsáætlun næsta árs (6.0). Gert er ráð fyrir heildar rekstrartekjum félagssjóðs upp á 246 milljónir króna. Áætluð rekstrargjöld eru 290 milljónir króna eða 41% aukning frá árinu 2018. Þessi mikla aukning skýrist af breytingum á rekstrargjöldum vegna niðurfellingu lífeyrisskuldbindinga árið 2018, auk þess sem rekstrarumfang ársins 2019 er mikið vegna afmælis félagsins. Einnig er talsverður kostnaður áætlaður vegna ráðstefnu á Akureyri haustið 2019. Niðurstaða ársins er áætlað rekstrartap upp á 44 milljónir, sem gengur þá á það eigið fé sem safnast hefur upp til nokkurra ára. Jákvæður rekstur s.l. tveggja ára dekkar þetta áætlaða rekstrartap.

Aðrir sjóðir: Áætlað er að hagnaður Orlofssjóðs verði 2,7 milljónir og Starfsmenntasjóðs 4,8 milljónir. Áætlað er að Vísindasjóður verði í jafnvægi. Erfitt er að áætla um

Vinnudeilusjóð vegna óvissu um kjarasamninga. Gert er ráð fyrir áframhaldandi tapi Styrktarsjóðs, en verið er að ganga á uppsafnað fé til margra ára.

## Lagabreytingar

Arndís Jónsdóttir kynnti tillögur að lagabreytingum (7.0).

3. grein laga um lífeyrisaðild og aukaaðild.
  - Tillaga er um að hjúkrunarfræðingur sem hefur hafið töku lífeyris fái sjálfkrafa lífeyrisaðild í stað þess að sækja um hana. Tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
  - Tillaga um að aukaaðilar greiði árlega sérstakt aukaaðilagjald verði fellt út þannig að aukaaðilar greiði ekkert gjald. Tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
7. grein laga um aðalfund, 4. liður. Í stað málsgreinarinnar "Áætlanir um starfsemi og fjárhag félagsins næsta starfsár kynntar" komi "Afgreiðsla markmiða og starfsáætlunar næsta starfsárs". Þrjár breytingatillögur að orðalagi bárust og voru tvær nánast samhljóða. Fyrsta breytingatillagan lagði til að liðurinn væri á eftirfarandi hátt: "Tillaga um markmið og starfsáætlun næsta starfsár" en hinar tvær "Áætlun um markmið og starfsáætlun félagsins lögð fram til samþykktar". Seinni tillagan var samþykkt, einn félagsmaður greiddi atkvæði með hinni tillögunni.
9. grein um kjörtímabil formanns. Lagt var til að kjörtímabil formanns breyttist úr tveim árum í fjögur, en hámarks starfstími verði óbreyttur þ.e. átta ár. Tillagan var samþykkt einróma.
21. grein og 22. grein um Siða- og sáttanefnd og Siðaráð. Tillaga um að sameina nefndirnar í eina nefnd, Siðanefnd. Tillagan var samþykkt einróma.
- Þar sem samþykkt var að sameina nefndirnar var lagt til að endurnúmera lagagreinir á eftir 21. grein þannig að lagagrein 40 verður að lagagrein 39 o.s.frv. Tillagan samþykkt einróma.

## Kjör í nefndir og ráð

Unnur Þormóðsdóttir formaður kjörnefndar Fíh fór yfir kjör í nefndir og ráð (8.0).

Guðbjörg Pálsdóttir var sjálfkjörin formaður félagsins til næstu tveggja ára.

Í framboði sem aðalmenn í stjórn voru fjórir aðilar. Kosnir voru 3 aðalmenn og 1 varamaður í stjórn félagsins. Alls kusu 102 fundarmenn og voru tveir atkvæðaseðlar ógildir. Því voru 100 gild atkvæði. Niðurstaða kosninga var eftirfarandi:

- Arndís Jónsdóttir hlaut 68 atkvæði
- Guðný Birna Guðmundsdóttir hlaut 53 atkvæði
- Halla Eiríksdóttir hlaut 91 atkvæði
- Hildur Björk Sigurðardóttir hlaut 88 atkvæði

- Guðrún Yrsa Ómarsdóttir bauð sig fram sem varamann og var sjálfkjörin sem varamaður í stjórn.

**Stjórn 2019-2021** var því réttkjörin:

- Arndís Jónsdóttir
- Halla Eiríksdóttir
- Hildur Björg Sigurðardóttir
- Varamaður: Guðrún Yrsa Ómarsdóttir

**Ritnefnd** (4 fulltrúar):

Í ritnefnd var auglýst eftir fjórum framboðum. Eftirtaldir félagsmenn buðu sig fram og voru sjálfkjörnir:

- Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir
- Alda Ásgeirsdóttir
- Anna Ólafía Sigurðardóttir
- Hafdís Skúladóttir

**Orlofssjóður** (5 fulltrúar):

Í Orlofssjóð var auglýst eftir fimm framboðum. Eftirtaldir félagsmenn buðu sig fram og voru sjálfkjörnir:

- Anna Lía Baldursdóttir
- Björg Sigurðardóttir
- Helga Harðardóttir
- Lovísa Agnes Jónsdóttir
- Sigríður Guðjónsdóttir

**Styrktarsjóður** (3 fulltrúar og 2 varamenn):

Í styrktarsjóð var auglýst eftir 3 aðalmönnum og 2 varamönnum. Eftirfaldir félagsmenn buðu sig fram og voru sjálfkjörnir:

Aðalmenn:

- Aðalheiður D. Matthíasdóttir
- Sigrún Barkardóttir
- Svanlaug Guðnadóttir

Varamenn:

- Ellen Stefanía Björnsdóttir
- Inga Valborg Ólafsdóttir

### **Kjörnefnd (3 fulltrúar og 1 varamaður)**

Í kjörnefnd var auglýst eftir 3 aðalmönnum og 1 varamanni. Eftirtaldir félagsmenn buðu sig fram og voru sjálfkjörnir:

Aðalmenn:

- Ólöf Árnadóttir
- Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir
- Laufey Andrea Emilsdóttir

Varamaður:

- Unnur Þormóðsdóttir

### **Skoðunarmenn reikninga**

Skoðunarmenn reikninga eru kjörnir árlega. Sjálfkjörnir voru:

- Herdís Herbertsdóttir
- Þórgunnur Hjaltadóttir

## **Hjúkrunarfræðingar framtíðarinnar**

Valdís Bjarnadóttir fulltrúi Curators, félagi hjúkrunarfræðinema við HÍ og Herdís Elín Þorvaldsdóttir fulltrúi Eirar, félags nema í heilbrigðisvísindum við HA ávörpuðu aðalfundinn fyrir hönd hjúkrunarfræðinema í HÍ og HA.

Valdís talaði um hve hjúkrun er fjölbreytt og gefandi starf, hvað umhyggja skiptir miklu máli en samt er hjúkrun grjóthart fag. Hvað eldri hjúkrunarfræðingar eru frábærar fyrirmyndir, með mikla yfirvegum, öryggi og hlýleika. Herdís talaði um hversu krefjandi hjúkrun er, hvað fagið er síbreytilegt. Hún sagði frá upplifun margra hjúkrunarfræðinema úr starfsnámi er varðar framkomu heilbrigðisstarfsmanna í garð nema, og hversu örgrandi það er að vera nemi í starfsnámi.

## **Önnur mál**

Gísli Nils Einarsson meðstjórnandi lagði fram ályktun stjórnar.

### **Ályktun Fíh.**

Aðalfundur samþykkti eftirfarandi ályktun.

Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh), haldinn 16. maí 2019 skorar á íslensk stjórnvöld og aðra viðsemjendur hjúkrunarfræðinga að leiðrétta tafarlaust launakjör hjúkrunarfræðinga samanborið við aðra háskólamenntaða starfsmenn.

Íslensk stjórnvöld og aðrir viðsemjendur hjúkrunarfræðinga þurfa að bregðast fljótt við vanda íslenska heilbrigðiskerfisins vegna skorts á hjúkrunarfræðingum. Því þarf að ljúka sem fyrst við gerð nýs kjarasamnings sem leiðir til bættra launakjara, breytingum á vinnutíma og bættu starfsumhverfi með öryggi og vellíðan hjúkrunarfræðinga og



sjúklinga að leiðarljósi. Greiða þarf hjúkrunarfræðingum laun í samræmi við menntun og ábyrgð.

Aðalfundur Fíh lýsir yfir fullum stuðningi við samninganefnd félagsins í yfirstandandi kjarasamningaviðræðum.

## Heiðursfélagar

Guðbjörg Pálsdóttir formaður heiðraði eftirfarandi hjúkrunarfræðinga og félagsmenn skv. tilnefningum félagsmanna:

1. Aðalbjörg Finnbogadóttir fyrir framlag í þágu hjúkrunarfræðinga og hjúkrunar
2. Anna Stefánsdóttir fyrir framlag til þróunar hjúkrunar
3. Ásta Möller fyrir framlag til félagsstarfa hjúkrunarfræðinga
4. Bergdís Kristjánsdóttir fyrir framlag til söfnunar og varðveislu hjúkrunarminja
5. Bryndís Konráðsdóttir fyrir framlag til þróunar hjúkrunar
6. Eyrún Jónsdóttir fyrir brautryðjendastarf í hjúkrun
7. Kristín Sophusdóttir fyrir framlag til þróunar hjúkrunar
8. Lovísa Baldursdóttir fyrir framlag til þróunar hlutverks sérfræðinga í hjúkrun
9. Marga Thome fyrir framlag til menntunarmála, rannsókna og þekkingarsköpunar í hjúkrun
10. Vilborg Ingólfssdóttir fyrir framlag til félagsstarfa hjúkrunarfræðinga

## Afhending rannsóknarstyrks og hvatningastyrkja í tilefni 100 ára afmælis

Guðbjörg Pálsdóttir formaður afhenti eftirfarandi styrki:

Rannsóknarstyrk að upphæð 2.000.000 króna í tilefni 100 ára afmælis Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hlaut Helga Jónsdóttir prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands fyrir rannsóknina Samráð við fólk með langvinna lungnateppu og fjölskyldur þeirra.

Eftirtaldir frumkvöðlar í hjúkrun fengu hvatningastyrk:

Arna Skúladóttir frumkvöðull á sviði hjúkrunar barna með svefnvandamál og foreldra þeirra.

Ásta Thoroddsen brautryðjandi í upplýsingatækni í hjúkrun á Íslandi.

Ásgeir Valur Snorrason brautryðjandi í þróun og kennslu í svæfingarhjúkrun og herminámi í kennslu hjúkrunarfræðinga.

Helga Sif Friðjónsdóttir frumkvöðull og leiðtogi í innleiðingu á hugtakinu skaðaminnkun á Íslandi, hjúkrun jaðarsettra hópa hér á landi og áhugahvetjandi samtali.



Nanna Friðriksdóttir leiðtogi og frumkvöðull í krabbameinshjúkrun á Íslandi, leiðandi í uppbyggingu náms í krabbameinshjúkrun og þróun þjónustu við fólk sem lokið hefur krabbameinsmeðferð.

## Afhending rannsóknarstyrkja B-hluta Vísindasjóðs

Helga Sif Friðjónsdóttir formaður stjórnar Vísindasjóðs afhenti styrki úr B-hluta vísindasjóðs.

Alls hlutu 22 hjúkrunarfræðingar styrk úr sjóðnum að upphæð 12.152.500 krónur.

## Aðalfundi slitið

Guðbjörg Pálsdóttir formaður Fíh sleit aðalfundi kl. 21:00

Á aðalfundinn voru skráðir 202 félagsmenn með atkvæðarétt. Á fundinn mættu 109 með atkvæðisrétt og 20 án atkvæðisréttar.

Anna María Þórðardóttir fundarritari

Gyða Baldursdóttir fundarstjóri